

FRÁSÖGN

af fundi Evrópuráðsþingsins í Strassborg 24.–28. júní 2013.

Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins sóttu fundinn Karl Garðarsson formaður, Brynjar Níelsson og Ögmundur Jónasson, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur ritara. Helstu mál á dagskrá voru aðgreining pólitískrar ábyrgðar og refsíábyrgðar, ástandið í Mið-Austurlöndum, samstarfssamningur Evrópuráðsþingsins og þings Marokkó, spilling sem ógn við réttarríkið, mótmæli almennings og fjölmiðla-, funda- og málfrelsi, og persónunjósnir og afskipti hins opinbera af internetnotkun almennings.

Á fyrsta fundi þingsins var skipan nýrrar Íslandsdeildar mótmælt, þar sem hún braut í bága við kynjareglur þingsins sem segja m.a. að sendinefndir allra aðildarríkja þurfi að vera skipaðar aðalmönnum af báðum kynjum. Kjör í alþjóðanefndir Alþingis fór fram við þingsetningu 6. júní sl. Í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins voru skipaðir þrír karlmenn, þeir Karl Garðarsson fyrir Framsóknarflokk, Brynjar Níelsson fyrir Sjálfstæðisflokk og Ögmundur Jónasson fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Ekki er vaninn að flokkarnir hafi samráð sín á milli við skipan í nefndir og það uppgötvaðist ekki fyrir en eftir á að skipan Íslandsdeildar bryti í bága við reglur Evrópuráðsins um kynjakvóta. Ekki náðist að leysa vandinn fyrir sumarfund Evrópuráðsþingsins, sem hófst 24. júní sl., en flokkarnir hétu því fyrir fundinn að málið yrði leyst fyrir haustfund. Þingskapanefnd Evrópuráðsþingsins fór yfir málið og lagði til að Alþingi fengi svigrúm fram til haustfundar Evrópuráðsþingsins til að gera breytingar á skipan Íslandsdeildar, sem Evrópuráðsþingið samþykkti.

Ályktun um aðgreiningu pólitískrar ábyrgðar og refsíábyrgðar var til umræðu á sumarþingi en hollenski þingmaðurinn Pieter Omtzigt úr flokki kristilegra demókrata var framsögumaður málsins. Hann hafði skoðað tvö mál við vinnslu skýrslu sinnar, annars vegar mál Geirs H. Haarde fyrir landsdómi og hins vegar mál Yuliu Tymoshenko, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, sem hefur setið í fangelsi frá því í október 2011 fyrir afglöp í starfi sem forsætisráðherra. Evrópuráðsþingið samþykkti ályktun sem segir að lýðræðið og réttarríkið krefjist þess að stjórnámálmenn séu verndaðir fyrir ákærum vegna pólitískra ákvarðana, sem skulu lagðar í dóm kjósenda. Lýst er yfir andstöðu við hvers konar friðhelgi, stjórnámálmenn eigi að svara til saka fyrir refsiverða háttsemi fyrir almennum dómstólum. Aðgreining pólitískrar ákvarðanatöku og refsiverðar háttsemi verði að byggjast á stjórnskipunar- og refsirétti hvers ríkis, sem ber að virða ákveðnar meginreglur, í samræmi við ályktanir Feneyjar-nefndarinnar. Meðal þessara meginreglna sé að ekki eigi að höfða sakamál til að refsa fyrir pólitísk mistök eða ágreining, að reglur um ráðherraábyrgð verði að fara að mannréttindasáttmála Evrópu og að túlka skuli þröngt afglöp í starfi. Í ályktuninni hvetur Evrópuráðsþingið ríkisstjórnir aðildarríkja til að stilla sig um að misnota réttarkerfið í ofsóknir á hendur pólitískum andstæðingum og biður þau ríki sem hafa stjórnarskrá sem kveður á um ráðherraábyrgð um að tryggja að ábyrgðin sé skilgreind og ákvæðum hennar beitt af fyllstu varúð og hófsemi eins og Feneyjarnefndin mælir með. Í ályktuninni er hvorki minnst á landsdóm né mál Tymoshenko.

Karl Garðarsson tók til máls í umræðu um mótmæli almennings og funda-, fjölmiðla- og málfrelsi. Hann benti á að þó svo að friðsamlegar samkomur ættu alltaf að vera leyfðar, gætu þær oft þróast út í ofbeldi og að fólk færi um ránshendi. Skipuleggjendur mótmæla hefðu í þessum tilfellum oft ekki stjórn yfir þúsundum manna og valdbeiting ríkisins væri þá nauðsynlegt til að tryggja öryggi almennings og allsherjarreglu. Óhóflega valdbeitingu lögreglu, hers eða ríkisstjórnar væri hins vegar aldrei hægt að líða. Varðandi fjölmiðlafrelsi benti hann á að fjölmiðlar og blaðamenn væru aldrei alveg frjálsir, þar sem eigendur fjölmiðla hefðu alltaf bein eða óbein áhrif á efnistöð viðkomandi miðils. Markmið blaðamanna væri iðulega að vera hlutlausir – stundum tækist það, stundum ekki.

Ögmundur Jónasson tók til máls í umræðu um afskipti hins opinbera af internetnotkun og persónuupplýsingum almennings á netinu, fyrir hönd síns flokkahóps. Í máli sínu beindi hann athygli að persónunjúsum ríkisstjórna og fyrirtækja, og hvatti aðildarríki Evrópuráðsþingsins til að skjóta verndarskildi yfir uppljóstrurum eins og Edward Snowden. Hann ræddi einnig um alvarleika ofbeldisfulls kláms á netinu og benti á að þingmenn og ríkisstjórnir ættu ekki þann möguleika að leiða slíkt hjá sér og vera hlutlausir, nauðsynlegt væri að bregðast við. Hann hefði sem innanríkisráðherra tekið fyrstu skrefin í að takast á við málið með því að kortleggja tæknilega og lagalega möguleika í því sambandi, en verið sakaður um að vilja koma á ritskoðun, sem hann væri á móti. Að lokum hrósaði hann Evrópuráðinu fyrir vinnu sína til varnar réttindum barna og benti á að herferð ráðsins um vitundarvakningu um misnotkun barna hefði haft mikil áhrif á Íslandi.

Í ályktun um ástandið í Mið-Austurlöndum einsetti Evrópuráðsþingið sér að halda áfram að stuðla að samræðum og uppbyggingu trausts milli þingmanna ísraelskra þingsins og palestínska þingsins, einna helst innan ramma undirnefndar um málefni Mið-Austurlanda. Þá ákvað þingið að leitast við að stofna til tengsla við önnur þing á svæðinu, þá einna helst í Egyptalandi og Jórdaníu, sérstaklega í ljósi möguleika til samstarfs innan ramma samstarfsáætlunarinnar *Partner for Democracy*. Í því sambandi fagnaði þingið þeim áhuga sem forseti fulltrúadeildar þings Jórdaníu hefði sýnt þeirri samstarfsáætlun, sem bæði þing Marokkós og Palestínu eru hluti af.

Samstarfssamningur við þing Marokkós var tekinn til fyrstu endurskoðunar. Í ályktun um málið undirstrikaði Evrópuráðsþingið mikilvægu skref sem þing Marokkós hefur tekið á sviði lýðræðislegra endurbóta með nýrri stjórnarskrá sem hefur að geyma ákveðin grundvallaratriði, eins og stuðning við mannréttindi, bann við mismunun, aðgreiningu valds og styrkingu stofnana, þar sérstaklega marokkóska þingsins. Á sama tíma ítrekuðu þingmenn mikilvægi áframhaldandi endurbóta með setningu nauðsynlegra stjórnskipunarlaganna og uppbyggingu stofnana. Þeir kölluðu einnig eftir því að þing Marokkós afnemi dauðarefsingu, og tryggi funda- og málfrelsi borgaralegra félagasamtaka. Samstarfssamningurinn verður endurskoðaður á ný innan tveggja ára.

Í ályktun um spillingu sem ógn við réttarríkið kallaði þingið eftir því að aðildarríki þess efldu alþjóðlega samvinnu og endurskoðuðu löggjöf sína þegar kæmi að baráttunni gegn spillingu. Þá hét þingið því að halda áfram að fylgjast með nýjum straumum varðandi gagnsæi og hættu á spillingu í þjóðþingum. Þingið ítrekaði einnig að nauðsynlegum lagaumbótum þyrfti að fylgja þróun á menningu sem fordæmdi spillingu og benti á hlutverk fjölmiðla í því sambandi, sem og við að rekja slóð spillingar.

Af öðru sem var samþykkt á þinginu má nefna ályktun um mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynsamsömunar, jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu og viðleitni til að binda enda á þvingaðar ófrjósemisaðgerðir og vananir.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og á vefsvæðinu www.assembly.coe.int.